

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1980.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 271.

27. maí 1980.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.70%, frá 1. júní 1980 frá því sem þær voru í mars 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti. Til viðbótar skal síðan hækka tekjutryggingu um 5% frá sama tíma.

2. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1980:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 691 600
Hjón	— 968 240

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 272.

30. maí 1980.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 281/1979.**

1. gr.

XI. liður í 10. gr. fellur brott.

2. gr.

11. gr. b-stafliður orðist svo:

„Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu nota handa dýrum að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arseník, klófenótan, sjá þó ákvæði